

Fundargerð 326. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2010, föstudaginn 19. febrúar kl. 10:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu Gísli Gíslason, Ólafur M. Kristinsson, Björn Magnússon og Már Sveinbjörnsson. Í símasambandi voru Björg Ágústsdóttir, Helga Jónsdóttir og Skúli Þórðarson.

Auk þess sat Magnús Karel Hannesson fundinn og ritaði hann fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 325. fundar - 1001001HA

Lögð fram fundargerð 325. fundar frá 22. janúar 2010 til staðfestingar.

Fundargerðin var staðfest og undirrituð.

2. Viðkomustaðir fyrir erlendar seglskútur - 1002002HA

Lagður fram tölvupóstur frá markaðsstjóra Faxaflóahafna, dags. 27. janúar 2010, þar sem þess er farið á leit við Hafnasamband Íslands að hafnasambandið hafi frumkvæði að umræðu eða skoðun á því hvort íslenskar hafnir eigi sóknartækifæri sem viðkomustaðir fyrir erlendar seglskútur.

Samþykkt var að vekja athygli stjórnenda hafnanna á erindinu og þeim hugmyndum sem þar koma fram. Formanni var jafnframt falið að ræða við forstöðumann Cruise Iceland um málið með tilliti til þess hvort CI eigi að hlutast til um kynningu á höfnum á Íslandi sem viðkomustöðum fyrir erlendar seglskútur.

3. Fjármál og rekstur hafna - 0605013HA

Lögð fram skýrsla nefndar samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um tillögur um hvernig bregðast megi við fjárhagsvanda hafna, dags. 18. desember 2009.

Formaður fór yfir helstu niðurstöður skýrslunnar og mun hann senda stjórnarmönnum minnisblað um þau atriði sem hann telur að stjórnin og stjórnendur hafnanna þurfi að taka til umfjöllunar á næstunni. Þá var samþykkt að óska eftir því að samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra eða fulltrúar hans komi á næsta fund stjórnarinnar til þess að ræða skýrsluna og niðurstöður nefndarinnar.

4. Vigtun sjávarafla - 0901002HA

Formaður greindi frá fundi sem hann átti ásamt Má Sveinbjörnssyni með sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra 26. janúar sl.

Þá var lagt fram bréf sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis, dags. 29. janúar 2010, þar sem óskað er tilnefningar frá hafnasambandinu á tveimur fulltrúum í samráðshóp til þess að fara yfir umkvörtunarefni og ýmis álitamál sem snúa að vigtun sjávarafla. Samráðhópnum er einnig ætlað að leita lausna sem allir aðilar geti sætt sig við.

Jafnframt lagt fram bréf Neytendastofu, dags. 8. febrúar 2010, um bráðabirgðalöggildingar þeirra vigtarmanna sem eru með útrunnar löggildingar.

Stjórnin staðfesti bréf þar sem Már Sveinbjörnsson, hafnarstjóri Hafnarfjarðarhafnar, og Björn Arnaldsson, hafnarstjóri Snæfellsbæjar, eru tilnefndir í samráðshóp hafnasambandsins, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og Fiskistofu um vigtarmál.

5. Lögveð í skipum - hafnargjöld - 1002003HA

Lagt fram bréf sýslumannsins í Bolungarvík þar sem hann leggur til að hugað verði að sameiginlegum upplýsingabanka um skuldastöðu skipa við hafnir landsins til að ganga megi úr skugga um hana við sölu skipa og þannig tryggja að ekki komi bakreikningar frá höfnunum.

Starfsmanni hafnasambandsins falið í samráði við lögfræði- og velferðarsvið Sambands íslenskra sveitarfélaga að afla frekari upplýsinga um málið og leggja fyrir stjórnin síðar.

6. Efnahagsáhrif af komu skemmtiferðaskipa - 0904008HA

Lagðar fram niðurstöður úr könnun sem Hafnasamband Íslands stóð að um efnahagsleg áhrif komu skemmtiferðaskipa til Íslands.

Nánar verður fjallað um efni könnunarinnar og skýrslunnar sem henni fylgir þegar hún liggur fyrir í endanlegri gerð.

7. Hafnasambandsþing 2010 - 0904010HA

Rætt um undirbúning 37. hafnasambandsþings á Snæfellsnesi 23. og 24. september 2010.

Björg Ágústsdóttir varpaði fram þeim hugmyndum að á hafnasambandsþinginu yrði rætt um málefni hafnanna út frá lagskiptu heildarsamhengi og lítið til framtíðar og reynt að svara því hvað blasi við íslenskum höfnum til skemmri og lengri tíma, m.a. með því að varpa ljósi á innra og ytra umhverfi hafnanna og stöðu þeirra í þeirri mynd. Fengnir verði fyrirlesarar sem dragi upp mynd af umhverfi hafnanna - fólk úr mismunandi lögum þessa umhverfis.

Birni Magnússyni ásamt fræðslu- og fjárhagsnefnd hafnasambandsins var

falið að vinna áfram að undirbúningi hafnasambandsþingsins með hliðsjón af þeim hugmyndum sem stjórnarmenn ræddu á fundinum.

8. Drög að reglugerð um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda - 0603010HA

Már Sveinbjörnsson gerði grein fyrir vinnu við gerð reglugerðar um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda, en vinna við reglugerðardrögin er hafin að nýju eftir hálfis árs hlé.

Fundi var slitið kl. 12:00.

Gísli Gíslason

Ólafur M. Kristinsson

Björn Magnússon

Már Sveinbjörnsson

Björg Ágústsdóttir

Helga Jónsdóttir

Skúli Þórðarson

ritari